



12. apríl 2006

## **Fundur stjórnar Samtaka fámennra skóla og nefndar um heildarendurskoðun grunnskólalaga.**

Samtök fámennra skóla lýsa ánægju með flestar þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpi til laga um breytingar á grunnskólalögum.

Þó eru nokkur atriði sem að okkar mati er brýnt að vekja athygli nefndarmanna á. Þessi atriði eru eftirfarandi:

- Vegna breytinga á starfsumhverfi skóla verður skólastjórnun stöðugt umfangsmeira verkefni. Mikilvægt er á einhvern hátt að tryggja að sveitarfélög leggi nægilegt fjármagn til stjórnunar skóla sinna. Þetta mætti t.d. gera með hliðsjón af nemenda- og/eða starfsmannafjölda.
- Fámennir skólar eiga margir undir högg að sækja í þeirri hagræðingarumræðu sem nú er allsráðandi í málefnum sveitarfélaga. Slíkir skólar eru þó samfélagi sínu afar mikilvægir t.d. í atvinnu- og menningarlegu tilliti og öflugir hornsteinar fyrir búsetu á viðkomandi svæði. Nauðsynlegt er að finna leiðir til að auka hagkvæmni fámennu skólanna og gera sveitarfélögum þannig kleift að standa undir rekstri þeirra. Í því samhengi er mikilvægt að opna möguleika fyrir fámenn sveitarfélög til að samreka leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Þannig má víða ná fram talsverðri hagræðingu samhliða bættri þjónustu. Talsverð umræða hefur verið um þessi efni undanfarin ár en lítið farið fyrir niðurstöðum hennar. Við viljum því beina þeirri ósk til nefndarinnar að endurskoðun grunnskólalaganna leggi sitt af mörkum til að auka svigrúm fámennu sveitarfélaganna til hagræðingar sem þessarar. (Sjá meðfylgjandi ályktun frá SFS).



- Í grunnskólalögum er hvergi talað um nemendur sem vistaðir eru utan síns lögheimilissveitarfélags um lengri eða skemmri tíma. Nokkur óvissa virðist ríkja um vinnuferli þessara mála og ábyrgð aðila og skapar það víða vanda innan fámennu skólanna. Þörf er á skýrum línum í málefnum þessara nemenda.
- Við setjum spurningarmerki við hvort heppilegt sé að kveða á um fyrirkomulag og fjölda samræmdra prófa í lögum. Slíkt gæti orðið til þess að hefta eðlilega framþróun námsmatsaðferða.

Fh. Samtaka fámennra skóla

---

Þórunn Júlíusdóttir, formaður

---

Fanney Ásgeirsdóttir, ritari